



Barnaverndarstofa

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2017

Efnisyfirlit

Inngangur	3
1 Niðurstöður og ábendingar	4
2 Viðbrögð við ábendingum	5
3 Fjárveitingar og rekstur	6
3.1 Fjárveitingar	6
3.2 Fjárveitingar vegna öryggisvistunar	6
3.3 Rekstraráætlun.....	7
3.4 Niðurstaða.....	7
4 Innra eftirlit.....	8
4.1 Inngangur	8
4.2 Umfjöllun	8
4.2.1 Aðgangsheimildir í fjárhagskerfi	8
4.2.2 Launavinnsla	8
4.2.3 Gjaldfærslur og aðgreining starfa	9
4.3 Niðurstaða.....	9
5 Fylgni við lög og reglur.....	10
5.1 Lög og reglugerðir	10
5.1.1 Ferðakostnaður erlendis	10
5.1.2 Risna.....	10
5.1.3 Opinber innkaup og innkaupakort.....	10
5.1.4 Styrkveitingar	10
5.1.5 Virðisaukaskattur og endurgreiðslur	10
5.2 Niðurstaða.....	10
6 Endurskoðun rekstrarliða	11
6.1 Rekstrartekjur	11
6.2 Önnur rekstrargjöld.....	11
6.2.1 Kaup á sérfræðipjónustu	11
6.2.2 Skuldbindandi samningar vegna húsnæðis.....	12
6.3 Niðurstaða.....	12
7 Endurskoðun efnahagsliða	13
7.1 Eignir	13
7.1.1 Áhöld og búnaður	13
7.1.2 Skammtímakröfur	13
7.1.3 Ríkissjóður.....	14
7.1.4 Vörslufé.....	14
7.1.5 Handbært fé.....	14
7.2 Eigið fé og skuldir	15
7.2.1 Höfuðstóll	15
7.2.2 Ógreidd laun, launaleiðrétting.....	15
7.2.3 Skammtímaskuldir aðrar.....	15
7.2.4 Orlofsskuldbinding.....	15
7.2.5 Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda	15
7.3 Niðurstaða.....	15
8 Önnur atriði	17
8.1 Staðfestingarbréf stjórnenda og lögfræðibréf.....	17
8.2 Óhæðisyfirlýsing.....	17
8.3 Umfang endurskoðunar, yfirlýsing.....	17

Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun hjá Barnaverndarstofu fyrir árið 2017.

Endurskoðunin byggir á bókhaldi stofnunarinnar og þeim niðurstöðum sem voru fyrirbyggjandi við skoðun fyrir árið 2017. Endurskoðunin beindist að þessu sinni að því að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur, samninga og rekstrarverkefni þar sem við á.

Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að vegna tafa við innleiðingu á lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF) og þar með gerð stofnefnahagsreikninga hefur ekki verið lokið við gerð ársreiknings fyrir stofnunina og tekur endurskoðunin mið af því. Stjórnendur Barnaverndarstofu sem eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila stofnunarinnar og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna telja reikningsskilum lokið af sinni hálfu.

Ársreikningur Barnaverndarstofu var síðast tekinn til skoðunar á árinu 2011 vegna ársins 2010.

1 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun ársreiknings Barnaverndarstofu fyrir árið 2017 er lokið. Ríkisendurskoðun vill koma eftirfarandi ábendingum og athugasemdum á framfæri:

1. Fjárheimildir og rekstur

Tekjuhalli Barnaverndarstofu árið 2017 nam 20,4 m.kr. sem skýrist af gjaldfærslum á móti fjárveitingu árið 2016. Ríkisendurskoðun gerir athugasemd við að fjárveitingar sem eiga að fara til annarra stofnana séu skráðar hjá Barnaverndarstofu.

2. Innra eftirlit

Ríkisendurskoðun hvetur stjórnendur til að skrá verklagsreglur varðandi fjármál og bókhald. Yfirfara þarf aðgreiningu bókunar- og gjaldkerastarfa og tryggja fulla aðgreiningu þessara starfa á öllum starfsstöðvum. Einnig þarf að yfirfara aðgangsheimildir yfirmanna að Vinnustund. Samningar og önnur viðeigandi gögn þurfa að fylgja greiðslum sem fara í gegnum greiðslubeiðnakerfi fjárhagsbókhalds. Þá er bent á að kennitala Barnaverndarstofu verði notuð á öllum starfsstöðvum.

3. Fylgni við lög og reglur

Ríkisendurskoðun mælist til að Barnaverndarstofa setji sér innkaupastefnu og skjalfesti verklagsreglur við innkaup og notkun innkaupakorta.

4. Endurskoðun rekstrarliða

Gæta þarf að því við uppsögn á húsnæði eða þjónustu að það sé gert tímanlega, þannig að ekki þurfi að greiða húsaleigu fyrir húsnæði sem ekki er nýtt.

5. Endurskoðun efnahagsliða

- ✓ Bankareikninga á kennitölu Barnaverndarstofu þarf að skrá í bókhaldi stofnunarinnar, en samkvæmt staðfestingarbréfum frá bönkum komu tveir bankareikningar skráðir á kennitölu Barnaverndarstofu ekki fram í bókhaldi stofnunarinnar. Jafnframt er mikilvægt að skoða í samráði við Fjársýslu ríkisins þörf fyrir aðra bankareikninga en fyrir vörslufé þar sem stofnunin er í greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins.
- ✓ Yfirfara þarf fyrirkomulag og skráningu á vörslufé. Bankareikninga fyrir vörslufé á að skrá á kennitölu Barnaverndarstofu.
- ✓ Ganga þarf til samninga um greiðslur vegna kennslu barna og unglunga sem dvelja á vegum Barnaverndarstofu og skrá verklagsreglur um fyrirkomulagið.

2 Viðbrögð við ábendingum

1. Fjárheimildir og rekstur

„Varðandi athugasemd Ríkisendurskoðunar að fjárveitingar sem eiga að fara til annarra stofnana séu skráðar hjá Barnaverndarstofu þá tekur Barnaverndarstofa undir það. Um leið og Barnaverndarstofa áttaði sig á því að fjárheimildir sem ekki tilheyrðu stofnunninni væru skráðar á hana hafði hún samband við velferðarráðuneytið. Svör ráðuneytisins voru þau að þetta yrði leiðrétt en einhverra hluta vegna gekk það ekki eftir. Barnaverndarstofa átti í töluverðum samskiptum við ráðuneytið vegna þessa til að reyna að fá þessu breytt en það gekk því miður ekki og þess vegna framkvæmdi Barnaverndarstofa millifærslur að beiðni ráðuneytisins í þeim tilgangi að koma fjármuninum á réttan stað í stað þess að þeir lægju hjá stofnuninni.“

2. Innra eftirlit

„Barnaverndarstofa hyggst útbúa verklagsreglur um úthlutanir styrkja, fjármál og bókhald. Stofnunin mun breyta verklagi hjá sér til þess að tryggja aðgreiningu bókonar- og gjaldkerastarfa á öllum starfsstöðvum með því að fleiri komi að þeirri vinnu á Stúðlum. Kennitala Barnaverndarstofu verður notuð á öllum starfsstöðvum og þeim bankareikningum sem ekki eru á kennitölu stofnunarinnar verður lokað. Gætt verður að því að allir bankareikningar séu skráðir í bókhald. Barnaverndarstofa hefur nú þegar brugðist við vegna athugasemda vegna vörslufjár og hefur stofnað tvo nýja bankareikninga á kennitölu stofnunarinnar vegna þessa. Verklag og skjalfesting ráðningarsamninga og launabreytinga hefur nú þegar verið bætt og fyrirmæli hafa verið send á forstöðumenn að forstjóri skrifi undir alla ráðningarsamninga.

3. Fylgni við lög og reglur

„Barnaverndarstofa mun setja sér innkaupastefnu og skjalfesta verklagsreglur við innkaup og notkun innkaupakorta.“

4. Endurskoðun rekstrarliða

„Varðandi ábendingu Ríkisendurskoðunar um að húsaleigusamningi við meðferðarheimili hafi ekki verið sagt upp tímanlega þá var það skilningur Barnaverndarstofu að ekki væri hægt að segja upp umræddum samningi. Reynt var að ná samningum við sveitarfélagið, sem var leigusali í þessu tilviki, um að segja húsaleigusamningnum upp fyrr þar sem ljóst var að það yrði engin starfsemi í húsinu en því var synjað af sveitarfélaginu í tvígang. Barnaverndarstofa taldi sig því ekki eiga annarra kosta vól en að standa við samninginn. Ráðuneytinu var gert viðvart og það komu ekki athugasemdir frá því. Barnaverndarstofa bendir á að verklag er annað í dag en það var og allir húsaleigusamningar sem undirritaðir eru eru með uppsagnarákvæði.“

5. Endurskoðun efnahagsliða

Barnaverndarstofa er með í vinnslu að breyta fyrirkomulagi á greiðslum vegna skólakostnaðar meðferðarheimila í samvinnu við viðkomandi aðila. Fundur vegna þessa er fyrirhugaður á næstunni. Barnaverndarstofa vill benda á að þessi leið var farin þar sem ekki var hægt að tryggja börnum á meðferðarheimilum fræðsluskyldu með öðrum hætti. Stofan mun nýta sér niðurstöður Ríkisendurskoðunar í þessum efnunum í þeirri vinnu sem framundan er.“

3 Fjárveitingar og rekstur

3.1 Fjárveitingar

Fjárveitingar, samkvæmt orðskýringum í 5. tl. 3. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015, eru ráðstöfun fjárheimildar á tilteknu fjárlagaári til ríkisaðila, verkefna eða varasjóðs. En fjárheimild er heimild Alþingis, sem veitt er í fjárlögum og fjáraukalögum, til ráðstöfunar á opinberu fé til málefnasviða og málaflokka.

Fjárveiting ársins 2017 til Barnaverndarstofu nam 1.501,3 m.kr. eins og fram kemur í fylgiriti með fjárlögum en lækkaði um 82,0 m.kr. vegna flutnings fjárveitingar til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins og um 4,4 m.kr. vegna fjárfestingarframlags. Til hækkunar komu 30,0 m.kr. vegna samnings um ART verkefnið og fjárveiting vegna fyrninga nam 10,2 m.kr. Heildarfjárveiting ársins 2017 nam því 1.455,5 m.kr. Rekstrargjöld að frádregnum tekjum námu 1.475,9 m.kr. Tekjuhalli á árinu 2017 varð því 20,4 m.kr. eða 1,4% af fjárveitingu samanborið við 165,2 m.kr. tekjuafgang árið áður.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2017 og rekstri árið 2016:

Fjárhæðir í þús. kr.	Fjárveiting 2017	Rekstur 2017	Frávik 2017	Rekstur 2016
Rekstrartekjur	-14.200	-17.540	3.340	-21.599
Launagjöld	846.400	852.158	-5.758	770.729
Önnur rekstrargjöld	613.085	630.691	-17.606	874.304
Eignir, fyrning	10.240	10.601	-362	0
Eignakaup	0	0	0	3.786
Samtals	1.455.525	1.475.910	-20.386	1.627.220

Lækkun á rekstrargjöldum frá fyrra ári stafar m.a. af 210,8 m.kr. gjaldfærslu árið 2016 vegna samninga við sveitarfélög um öryggisvistun, sjá kafla 3.2. Launagjöld hækkuðu um 81,4 m.kr. og munar þar mest um launahækkunar á árinu 2017 og fjölgun um 2,2 ársverk á milli ára.

Á árinu voru gerðar grundvallarbreytingar á reikningshaldslegri meðferð varanlegra rekstrarfjármuna og eignakaupa. Í stað þess að gjaldfæra keyptar eignir á kaupári eru þær nú eignfærðar og afskriftir gjaldfærðar. Meðtalið í afskriftum ársins eru jafnframt afskriftir eigna, sem hafa áður verið gjaldfærðar.

3.2 Fjárveitingar vegna öryggisvistunar

Árið 2016 var samþykkt 413,0 m.kr. aukafjárveiting á fjárlagalið 08-821 *Barnaverndarstofu* til að mæta kostnaði við öryggisvistun fyrir tilgreindan hóp einstaklinga. Fjárveitingin var afgreidd í tvennu lagi eða 64,5 m.kr. og 348,5 m.kr.

Fjárveitingin var til að mæta kostnaði við samninga sem velferðarráðuneyti gerði við sveitafélög vegna öryggisvistunar barna og ungmenna. Samkvæmt upplýsingum frá Barnaverndarstofu hafði stofnunin enga aðkomu að þessum samningum og óskaði eftir því að þessar fjárveitingar yrðu færðar á viðeigandi fjárlagaliði í gegnum fjárheimildakerfið. Ráðuneytið taldi sig ekki geta orðið við því og fól stofnununinni þess í stað að greiða fjárveitinguna út samkvæmt samningum. Barnaverndarstofa greiddi því samtals 210,8 m.kr. árið 2016 sem gjaldfærast hjá stofnuninni sem rekstrargjöld. Þar af voru 147,0 m.kr. greiddar til Reykjavíkurborgar og 63,8 m.kr. greiddar til Akureyrabæjar. Eftirstöðvar fjárveitingarinnar til greiðslu á næsta ári námu 202,2 m.kr. í árslok 2016 og skýra tekjuafgang rekstrar hjá Barnaverndarstofu árið 2016.

Þær fjárveitingar sem eftir stóðu voru gerðar upp árið 2017. Alls voru 64,5 m.kr. greiddar til Akureyrarbæjar samkvæmt samningi og velferðarráðuneyti millifærði 82,0 m.kr. frá Barnaverndarstofu til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins vegna öryggisvistunar. Greiningarmiðstöðin hefur, rétt eins og Barnaverndarstofa, enga aðkomu að þeim samningum sem er verið að færa á stofnanirnar með millifærslum í gegnum fjárlagakerfið. Síðan var 55,7 m.kr. fjárveiting felld niður í fjárheimildakerfi ríkisins.

Ríkisendurskoðun telur að ekki sé óeðlilegt að Barnaverndarstofa hafi aðkomu að samningum um vistun barna en gerir athugasemd við að fjárveitingar séu færðar á stofnanir vegna annarra samninga án þess að þeim sé ætlað að ráðstafa þeim í rekstur. Meginreglan er að forstöðumenn bera ábyrgð á rekstri sinna stofnana og þeim fjármunum sem til þeirra er varið. Hvorki forstöðumaður Barnaverndarstofu né Greiningarmiðstöðvar ríkisins komu að þeim samningum sem leiddu til fjárveitinga sem færðar voru á stofnanir þeirra.

3.3 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar, hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins. Rekstraráætlun fyrir Barnaverndarstofu árið 2017 var skráð í fjárhagskerfi ríkisins og var gert ráð fyrir 50,5 m.kr. tekjuafgangi í rekstraráætlun í byrjun árs. Niðurstaðan varð 20,4 m.kr. tekjuhalli og fjárveiting varð 82,0 m.kr. lægri en áætlað var.

3.4 Niðurstaða

Tekjuhalli Barnaverndarstofu árið 2017 nam 20,4 m.kr. sem skýrist af gjaldfærslum á árinu á móti fjárveitingu árið 2016. Ríkisendurskoðun gerir athugasemd við að fjárveitingar sem eiga að fara til annarra stofnana séu skráðar hjá Barnaverndarstofu.

4 Innra eftirlit

4.1 Inngangur

Forstjóri Barnaverndarstofu ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits hjá stofnuninni. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur.

4.2 Umfjöllun

Barnaverndarstofa er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins. Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins er notað fyrir vinnslu á bókhaldi og launaafgreiðslu. Stofnunin nýtir einnig viðeigandi kerfishluta fjárhagskerfisins eins og fyrir viðskiptakröfur, viðskiptaskuldir og eignaskráningu. Vinnustund er notuð fyrir skráningu á viðveru og fjarvistum starfsmanna.

Innra eftirlit byggir á þeim eftirlitsþáttum sem stofnanir starfrækja til að uppgötva, fyrirbyggja eða leiðrétta villur í skráningu eða meðhöndlun. Mikilvægir eftirlitsþættir og önnur öryggisatriði sem styðja við réttar fjárhagsupplýsingar geta meðal annars verið hluti af fjárhags- og hugbúnaðarkerfum stofnana. Barnaverndarstofa hefur fáar skjalfestar verklagsreglur um fjármál og voru því valdir eftirlitsþættir prófaðir til staðfestingar á virkni innra eftirlits.

4.2.1 Aðgangsheimildir í fjárhagskerfi

Skoðaðar voru aðgangsheimildir í fjárhagskerfinu. Barnaverndarstofa notar 11 ábyrgðarsvið og hafa flestir starfsmenn takmarkaðan aðgang sem í mörgum tilvikum takmarkast við aðganginn „sjálfsafgreiðsla starfsmanna“. Í þessari skoðun var kannað hversu vel aðgangsheimildir inn í fjárhagskerfið tryggja eðlilega aðgreiningu starfa.

- ✓ Til staðfestingar á aðskilnaði bókhalds- og fjárreiðustarfa voru starfssvið starfsmanna yfirfarin með tilliti til aðgangsheimilda í fjárhagskerfinu.
- ✓ Til staðfestingar á aðskilnaði bókhalds- og fjárreiðustarfa var verklag starfsmanna sem koma að fjármálum kannað.

4.2.2 Launavinnsla

Ferill launavinnslu var yfirfarinn með hliðsjón af launabreytingum starfsmanna. Virkni eftirfarandi eftirlitsþátta í launaferli var staðfest með úrtaksprófunum:

- ✓ Aðgangsheimild að grunnskrá launakerfisins.
- ✓ Fylgni við reglur ríkisins um gerð ráðningarsamninga við starfsmenn.
- ✓ Skjalfesting á launabreytingum og samþykki viðeigandi aðila.

Verklag við samþykkt og eftirlit með orlofstöku starfsmanna var einnig yfirfarið til að kanna aðkomu yfirmanna að skráningu orlofs.

4.2.3 Gjaldfærslur og aðgreining starfa

Verklag við bókun á gjaldfærslum úr greiðslubeiðnakerfinu inn í fjárhagskerfið var skoðað sérstaklega. Kannað var hvort samningar sem greiddir eru samkvæmt greiðsludreifingu fylgi fyrstu greiðslu sem viðhengi og hvort tilvísun í samningana og viðeigandi málanúmer komi fram í seinni greiðslum.

Þrátt fyrir að Barnaverndarstofa sé í greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins er kostnaður bæði bókfærður og greiddur á tiltekinni starfsstöð, en þar er innheimta á meðlagsgreiðslum, bókhaldsmerking, greiðslur og afstemming bankareikninga framkvæmd af sama aðila.

Það er gert til að einfalda ákveðið ferli. Ríkisendurskoðun bendir á að finna þarf leiðir til að tryggja fulla aðgreiningu starfa við bókhald og greiðslur á öllum starfsstöðvum.

Verklag við samþykkt kostnaðarreikninga var staðfest með úrtaksprófunum án athugasemda að öðru leyti en því að Ríkisendurskoðun bendir á að fleiri en ein kennitala er í notkun hjá stofnuninni. Þar sem um er að ræða eina stofnun Barnaverndarstofu er æskilegt að kennitala stofnunarinnar sé notuð á öllum starfsstöðvum.

4.3 Niðurstaða

Í framhaldi af athugun á innra eftirliti bendir Ríkisendurskoðun á eftirfarandi atriði:

- ✓ Stjórnendur Barnaverndarstofu eru hvattir til að skrá verklagsreglur um úthlutanir styrkja, fjármál og bókhald. Auk þess þarf að yfirfara reglulega aðgangsheimildir sem eru í notkun og ábyrgðarsvið aðgangsheimilda.
- ✓ Ekki er fullur aðskilnaður milli bókunar- og gjaldkerastarfa á einni starfsstöð, en þar er innheimta á meðlagsgreiðslum, afstemming bankareikninga og bókhaldsmerking er framkvæmd af sama starfsmanninum. Tryggja þarf fulla aðgreiningu starfa við bókhald og greiðslur.
- ✓ Starfsemi Barnaverndarstofu felst í margháttuðum sérhæfðum viðfangsefnum og er hún með sex starfsstöðvar. Bæta má innra eftirlit með því að veita yfirmönnum allra starfsstöðva aðgangsheimild í Vinnustund.
- ✓ Verklag og skjalfesting ráðningarsamninga og launabreytinga þarf að bæta. Í þeim tilvikum þegar forstjóri skrifar ekki undir ráðningarsamninga þarf skriflegt framsal til þeirra sem hann felur það verkefni. Launabreytingar sem ekki eru tilgreindar í kjarasamningi þarf einnig að skjalfesta og samþykkja á formlegan hátt.
- ✓ Athugasemd er gerð við að samningar og önnur viðeigandi gögn fylgi ekki greiðslum sem fara í gegnum greiðslubeiðnakerfi fjárhagsbókhaldsins.
- ✓ Bent er á að nota kennitölu Barnaverndarstofu á öllum starfsstöðvum.

5 Fylgni við lög og reglur

5.1 Lög og reglugerðir

Við fjárhagsendurskoðun er tekið mið af því hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við lög og reglugerðir sem um hana gilda varðandi fjárreiður og bókhald. Um fjárveitingar er fjallað sérstaklega í kafla 3. Eftirtaldir liðir voru teknir til skoðunar:

5.1.1 Ferðakostnaður erlendis

Samkvæmt athugunum á úrtaki ferðareikninga er reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins fylgt að mestu leyti og það á einnig við um uppgjör slíkra ferða. Í fáeinum tilvikum voru þó frávik frá almennum reglum þegar gistikostnaður erlendis var greiddur í stað gistidagpeninga. Óverulegur mismunur var á heildarkostnaði ferðar vegna þessa.

5.1.2 Risna

Forstjóri Barnaverndarstofu samþykkir risnureikninga og tilefni risnu kemur fram á risnureikningum.

5.1.3 Opinber innkaup og innkaupakort

Innkaupastefna hefur ekki verið sett og verklagsreglur við innkaup hafa ekki verið skjalfestar. Ríkisendurskoðun mælist til að Barnaverndarstofa setji sér innkaupastefnu og skjalfesti verklagsreglur við innkaup þar sem m.a. er tilgreint hverjir hafa heimild til innkaupa. Barnaverndarstofa nýtir sér innkaupakort við hin ýmsu innkaup m.a. til kaupa á fargjöldum og setja þarf reglur um notkun þeirra.

5.1.4 Styrkveitingar

Greiddir styrkir námu 31,0 m.kr. og voru allir samþykktir af forstjóra. Þar af voru 30,0 m.kr. vegna umsamins verkefnis. Minni styrkir voru greiddir til nokkurra aðila.

5.1.5 Virðisaukaskattur og endurgreiðslur

Bókun og kóðun færslna reikninga sem bera VSK eru í samræmi við fyrirmæli Fjársýslu ríkisins. Inneign vegna endurgreiðslu VSK færist reglulega til eignar á viðskiptareikning Barnaverndarstofu við ríkissjóð.

5.2 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun mælist til að Barnaverndarstofa setji sér innkaupastefnu og skjalfesti verklagsreglur við innkaup og notkun innkaupakorta.

6 Endurskoðun rekstrarliða

Tekjur árið 2017 námu 17,5 m.kr. og gjöld 1.493,4 m.kr. eins og fram kemur í neðangreindri töflu:

Í þús.kr.	2017	2016	Breyting
Tekjur:			
Rekstrartekjur	17.540	21.599	-4.059
Tekjur alls	17.540	21.599	-4.059
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	846.912	770.729	76.183
Orlofsskuldbinding	5.246	0	5.246
Ferðakostnaður og akstur	34.659	30.383	4.276
Vörukaup	9.306	7.404	1.902
Aðkeypt þjónusta	411.537	668.550	-257.013
Húsaleiga og annar kostn. v/húsnæðis	57.448	57.250	198
Eignakaup, fyrningar	10.601	3.786	6.815
Rekstrarframlög	31.105	30.939	166
Annar kostnaður	86.636	79.778	6.858
Gjöld alls	1.493.450	1.648.819	-155.369

6.1 Rekstrartekjur

Tekjur Barnaverndarstofu eru meðal annars vegna námskeiðshalds, sálfræðiþjónustu, endurgreiðslur vegna ferðareikninga og rekstrarframlaga. Tekjur eru skráðar í bókhaldið við útgáfu reikninga og voru þær skoðaðar með úrtaksprófunum og frávikagreiningu. Meginmarkmið með endurskoðun tekna er heild, tilvist og lotun, þ.e. að allar tekjur sem tilheyra Barnaverndarstofu skili sér og að þær séu færðar á rétt tímabil. Endurskoðun var án athugasemdar.

Einnig var kannað hversu stór hluti útgefina reikninga fara í gegnum viðskiptakröfuhluta fjárhagskerfisins. Stærsti hluti rekstrartekna fer í gegnum viðskiptakröfuhluta fjárhagskerfisins eða 69% af sértekjum. Ríkisendurskoðun mælist til að allir útgefnir reikningar verði skráðir í sama kerfi.

6.2 Önnur rekstrargjöld

6.2.1 Kaup á sérfræðiþjónustu

Þjónustu- og rekstrarsamningar eru gerðir við einkaaðila og sveitafélög. Á árinu 2017 voru sex samningar í gildi. Meginmarkmið með endurskoðun er að kanna hvort gildir samningar liggja til grundvallar greiðslum og greiðslur séu færðar á rétt tímabil. Tveir samningar voru teknir til

skoðunar. Annars vegar vegna Háholts en greitt var eftir honum til miðs sumars 2017 og hins vegar vegna Laugalands. Endurskoðun var án athugasemda og voru samningar í gildi fyrir það tímabil sem greitt var fyrir og greiðslur voru færðar á rétt tímabil.

6.2.2 Skuldbindandi samningar vegna húsnæðis

Barnaverndarstofa hefur gert skuldbindandi samninga vegna húsnæðis, bæði tímabundna og ótímabundna. Meðferðarheimilinu Háholti var lokað um mitt sumar 2017 en húsaleigusamningur var í gildi þar til um mitt sumar 2018. Vegna þessa voru greiddar 7,3 m.kr. í húsaleigu án þess að starfsemi væri í húsinu.

6.3 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun gerir athugasemd við að samningi við meðferðarheimili hafi ekki verið sagt upp tímanlega, þannig að ekki sé greitt fyrir húsnæði án þess að húsnæðið sé nýtt.

7 Endurskoðun efnahagsliða

Samkvæmt stöðu bókhalds í árslok 2017, þegar endurskoðun fór fram í ágúst 2018, námu eignir 255,5 m.kr., skuldir námu 137,5 m.kr. og höfuðstóll var jákvæður um 118,1 m.kr.

Fjárhæðir í þús.kr.	31.12.2017	1.1.2017	Breyting
Eignir:			
Áhöld og búnaður	32.474	41.082	-8.608
Skammtímakröfur	24.377	15.259	9.118
Ríkissjóður vegna orlofsskuldbindinga	72.773	72.773	0
Inneign hjá ríkissjóði	124.710	275.651	-150.941
Vörslufé	1.134	633	501
Handbært fé	40	529	-490
Eignir alls	255.508	405.928	-150.420
Eigið fé og skuldir:			
Höfuðstóll	118.051	60.622	57.429
Ógreidd laun, launaleiðrétting	7.614	0	7.614
Skammtímaskuldir	20.419	230.818	-210.399
Orlofsskuldbinding	78.337	72.773	5.564
Vörslufé	1.134	633	501
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda	29.953	41.082	-11.130
Eigið fé og skuldir alls	255.508	405.928	-150.420

7.1 Eignir

7.1.1 Áhöld og búnaður

Eignfærsla varanlegra fastafjármuna er gerð frá og með árinu 2017 ásamt öðrum breytingum í kjölfar setningar laga um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF). Yfirlit yfir áhöld og annan búnað var unnið hjá Fjársýslu ríkisins samkvæmt upplýsingum í eignakerfi fjárhagsbókhaldsins. Elstu skráðar eignir eru frá árinu 2007 og afskriftarhlutfall er 10%. Ríkisendurskoðun hefur ekki staðfest tilvist eigna samkvæmt yfirlitinu en forstjóri Barnaverndarstofu samþykkti yfirlitið með áritun á stofnefnahagsreikning pr. 1. janúar 2017.

Árið 2017 var keyptur nýr búnaður fyrir 1.993.220 kr. sem kemur til hækkunar á eignalið og afskriftir til lækkunar námu 10.601.477 kr.

7.1.2 Skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur námu 25,5 m.kr. Þar af voru kröfur 17,7 m.kr. vegna almennrar kennslu barna og unglunga á meðferðarheimilum. Barnaverndarstofa hefur undanfarin ár séð um útreikning á kostnaðarhlutdeild og innheimtu á kröfum fyrir menntamálaráðuneyti vegna

kennslu á unglingsstigi og fyrir Reykjavíkurborg og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga fyrir grunnskólastigið.

Ríkisendurskoðun gerir athugasemd við að ekki sé unnið eftir 7. gr. reglugerðar 351/2002 um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla. Samkvæmt henni ber sjóðnum að annast greiðslu á útlögðum kostnaði Barnaverndarstofu vegna almennrar kennslu og sérkennslu grunnskóla barna sem vistuð eru utan lögheimilissveitarfélags af Barnaverndarstofu. Bent er á að Barnaverndarstofa leggur ekki út fyrir kostnaði vegna þessarar þjónustu heldur sér hún um útreikning og innheimtu fyrir þá aðila sem að málinu koma og viðskiptafærir hann í bókhaldi stofnunarinnar. Núverandi fyrirkomulagi er ábótavant þar sem hvorki er til samningur við menntamálaráðuneyti né Reykjavíkurborg um fjármagn sem fylgja á þessari þjónustu og meðferð þess né verklagsreglur um meðferð. Ríkisendurskoðun hvetur þá aðila sem koma að greiðslum vegna almennrar kennslu barna og unglinga að gera samning og skrá verklagsreglur um úthlutun fjármagns.

7.1.3 Ríkissjóður

Eignfærsla hjá ríkissjóði vegna orlofsskuldbindinga í stofnefnahagsreikningi þann 1. janúar 2017 er gerð samkvæmt fyrirmælum Fjársýslu ríkisins. Ríkisendurskoðun bendir á að á þessu stigi er ekki ljóst hvernig verður staðið að fjárheimild til Barnaverndarstofu til greiðslu á þessari kröfu og því verður að hafa fyrirvara varðandi þessa kröfu.

Inneign hjá ríkissjóði nam 124,7 m.kr. í árslok 2017. Þar sem stofnunin er í greiðsluþjónustu hjá ríkissjóði fara innborganir og greiðslur í gegn um viðskiptareikning við ríkissjóð.

7.1.4 Vörslufé

Í meðlagssjóði Stuðla er 1,1 m.kr. vörslufé í og er það hækkun um 0,5 m.kr. frá árinu áður. Yfirfara þarf fyrirkomulag og skráningu á vörslufé. Bankareikninga fyrir vörslufé á að skrá á kennitölu Barnaverndarstofu.

7.1.5 Handbært fé

Endurskoðun á handbæru fé og vörslufé fólst í því að staðfesta afstemmingar á bankareikningum stofnunarinnar með því að bera saman bókhald stofnunarinnar við gögn frá viðskiptabanka. Ríkisendurskoðun sendi út staðfestingabréf til Arion banka, Landsbanka og Íslandsbanka þar sem óskað var eftir staðfestingu á bankareikningum sem skráðar eru á kennitölu Barnaverndarstofu, Stuðla og Barnahúss og stöðu þeirra í árslok 2017.

Við móttöku á staðfestingarbréfum frá bönkum kom í ljós að tveir bankareikningar voru skráðir á kennitölu stofnunarinnar en komu ekki fram í bókhaldi hennar. Ríkisendurskoðun bendir á mikilvægi þess að farið sé yfir bankareikninga sem skráðir eru á kennitölu stofnunarinnar og viðeigandi ráðstafanir gerðar. Jafnframt er vakin athygli á nauðsyn þess að prókúrir vegna allra bankareikninga sem stofnunin hyggst nota verði yfirfarnar og tryggt að þær séu í samræmi við skipulag stofnunarinnar. Ríkisendurskoðun leggur til að kannað verði, í samráði við Fjársýslu ríkisins, þörf Barnaverndarstofu fyrir bankareikninga, þar sem stofnunin er í greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins.

7.2 Eigið fé og skuldir

7.2.1 Höfuðstóll

Miðað við stöðu bókhalds fyrir árið 2017 í ágúst 2018 var eigið fé í lok árs 118,1 m.kr. og hafði hækkað um 57,4 m.kr. frá fyrra ári.

7.2.2 Ógreidd laun, launaleiðrétting

Skuld við starfsmenn vegna launa stafar eingöngu af leiðréttingu vegna afturvirkra kjarasamninga sem gerðir voru á árinu 2018. Gert var ráð fyrir leiðréttingu vegna ársins 2017 í flestum samningum frá 1. september 2017 til ársloka. Leiðréttingin var gjaldfærð árið 2017 og greidd út þann 1. mars 2018.

7.2.3 Skammtímaskuldir aðrar

Aðrar skammtímaskuldir námu 20,4 m.kr. sem er lækkun um 210,4 m.kr. frá fyrra ári. Lækkun stafar aðallega af ógreiddum samningum vegna öryggisvistunar í árslok 2016 sem voru gerðir upp á árinu. Af skammtímaskuldum í árslok voru 17,8 m.kr. ógreiddir reikningar í viðskiptaskuldakerfi fjárhagskerfisins sem voru greiddir í byrjun næsta árs.

7.2.4 Orlofsskuldbinding

Frá og með árinu 2017 er orlofsskuldbinding og skuldbinding vegna annarra leyfa gjaldfærð í rekstrarreikningum stofnana í A-hluta til samræmis við LOF. Á móti kemur skuldfærsla í efnahagsreikningi. Staðan var 78,3 m.kr. í árslok 2017 og hafði hækkað um 5,6 m.kr. frá fyrra ári. Orlofsskuldbinding er yfirfarin hjá Fjársýslu ríkisins.

7.2.5 Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda

Fyrirframgreiddar tekjur eða frestun tekjufærslu vegna fjárfestingaheimilda er einnig nýr skuldaliður í framhaldi af þeirri breytingu, samkvæmt LOF, að gjaldfæra eigi einungis afskriftir af búnaði. Fram til ársins 2017 voru kaup á eignum svo sem húsbúnaði, tækjabúnaði, tölum og stærri eignum svo sem bifreiðum og fasteignum gjaldfærðar hjá stofnunum í A-hluta á kaupári og fjárveiting til kaupanna tekjufærð á sama ári.

Frá og með árinu 2018 eru slík kaup eignfærð og reiknaðar árlegar afskriftir af eignum. Fjárheimildir til kaupanna eru því færðar skuldamegin í efnahagsreikning að frádregnum þeim fjárheimildum sem eru færðar í rekstrarreikning á móti afskriftum.

Þessi liður lækkar um tæplega 11,1 m.kr. frá stofnefnahagsreikningi þann 1. janúar 2017.

7.3 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun gerir athugasemd við að ekki sé unnið eftir reglugerð um jöfnunarframlag Jöfnunarsjóðs sem kveður á um að sjóðurinn annist greiðslu á útlögðum kostnaði Barnaverndarstofu vegna kennslu. Bent er á að Barnaverndarstofa leggur ekki út fyrir kostnaði vegna þessarar þjónustu heldur sér hún um útreikning og innheimtu fyrir þá aðila sem að málinu koma og viðskiptafærir hann í bókhaldi stofnunarinnar. Núverandi fyrirkomulagi er ábótavant

þar sem hvorki er samningur við menntamálaráðuneyti né Reykjavíkurborg um fjármagn sem fylgja á þessari þjónustu og meðferð þess. Ríkisendurskoðun hvetur þá aðila sem koma að greiðslum vegna almennrar kennslu barna og unglinga að gera samning og verklagsreglur um úthlutun fjármagns.

Ríkisendurskoðun bendir á mikilvægi þess að farið sé yfir bankareikninga sem skráðir eru á kennitölu stofnunarinnar og viðeigandi ráðstafanir gerðar. Jafnframt er vakin athygli á nauðsyn þess að prókúrir vegna allra bankareikninga sem stofnunin hyggst nota verði yfirfarnar og það tryggt að þær séu í samræmi við skipulag stofnunarinnar. Ríkisendurskoðun leggur til að kannað verði í samráði við Fjársýslu ríkisins hvort það komi til álita að loka bankareikningum hjá Barnaverndarstofu þar sem stofnunin er í greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins.

8 Önnur atriði

8.1 Staðfestingarbréf stjórnenda og lögfræðibréf

Staðfestingarbréf stjórnenda, var samþykkt og undirritað af settum forstjóra Barnaverndarstofu.

Ekki var óskað sérstaklega eftir lögfræðibréfi, þar sem ekki kom fram lögfræðikostnaður í bókhaldi stofnunarinnar árið 2017 og samkvæmt upplýsingum setts forstjóra, meðal annars í staðfestingarbréfi stjórnenda, voru engin málaferli í gangi varðandi stofnunina.

8.2 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem unnu að endurskoðun hjá Barnaverndarstofu.

8.3 Umfang endurskoðunar, yfirlýsing

Yfirlýsing um umfang endurskoðunar hjá Barnaverndarstofu var undirrituð af ríkisendurskoðanda og settum forstjóra 4. apríl 2018. Í yfirlýsingunni er gerð grein fyrir ábyrgð og hlutverki hvors aðila varðandi reikningskil Barnaverndarstofu.



Ríkisendurskoðun
Bréttartúni 7 - 105 Reykjavík
Sími 569-7100

postur@rikisendurskodun.is - www.rikisendurskodun.is